

Alþingi
Erindi nr. P 140/287
komudagur 18.11.2011



Alþingi
atvinnuveganefnd
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Kópavogi, 18. 11. 2011
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 7. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs atvinnuveganefndar dags. 21. október 2011, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 7. mál.

Þau málefni sem getið er og varða Siglingastofnun með beinum hætti eru:

"37. Staðfestingu Íslands á viðauka VI við MARPOL-samninginn um varnir gegn mengun frá skipum verði hraðað og í framhaldinu verði efnahagslögsaga Íslands gerð að sérstöku mengunareftirlitssvæði (ECA-svæði (Emission Control Area)).

Ábyrgð: Umhverfisstofnun / Umhverfisstofnun / Siglingastofnun.

Tímasetning: 2012."

Siglingastofnun tekur undir þau markmið sem hér eru sett fram. Viðauki VI um varnir gegn loftmengun frá skipum tiltekur aðgerðir til þess að draga úr útstreymi brennisteinsoxíða (SO_x), köfnunarefnisoxíða (NO_x), ósoneyðandi efna og um losun á rokgjörnum lífrænum efnum (VOC) á hleðslustöðum fyrir olíuflutningaskip. Jafnframt eru ákvæði um brennslu úrgangs um borð í skipum. Siglingastofnun hefur lagt áherslu á að viðaukinn verði staðfestur og ákvæði hans tekin upp í íslensk lög og reglur, en þau mál eru á hendi Umhverfisstofnunar og umhverfisstofnunar. Aðildarleysi Íslands veldur nokkrum vandræðum bæði vegna olíusölu til erlendra skipa sem og að hætta er á að ekki verði hægt að selja skip úr landi ef vélar þeirra uppfylla ekki ákvæði viðaukans. Jafnframt getur það hamla íslenskum skipum för að hafa ekki tilskilin skírteini sem viðaukinn kveður á um, sjá nánar heimasíðu Siglingastofnunar um alþjóðasamninga á sviði siglinga:

<http://www.sigling.is/?PageID=139>

"43. **Kolefnisgjald á eldsneyti** verði hækkað um þriðjung og tekjum af hækkuninni ráðstafað til verkefna sem stuðla að orkuskiptum í samgöngum.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármálaráðuneyti.

Tímasetning: 2012."

Siglingastofnun tekur undir þau markmið sem hér eru sett fram.

44. **Endurnýjanleg orka til samgangna** verði ekki skattlögð fyrir en hlutdeild hennar er orðin 20% af heildarorkunotkun í samgöngum.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármálaráðuneyti.

Tímasetning: Ótímasett.

Siglingastofnun tekur undir þau markmið sem hér eru sett fram. Af þessu tilefni vill Siglingastofnun vekja athygli á rannsóknarverkefni sem stofnunin hefur unnið að undanfarin ár og nýlega var birt skýrsla um efnið sem ber heitið "Umhverfisvænir orkugjafar - Ræktun á reypju og nepju til framleiðslu á lífrænni dísilolí fyrir íslenska fiskiskipafлотann, sem má nálgast hér:

<http://www.sigling.is/pages/114?NewsID=1572>

Virðingarfyllst,
f. h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri